

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í þéttbýli á Flúðum, Hrunamannahreppi.**

1. gr.

Skrá skal alla ketti í þéttbýli á Flúðum skv. 2. gr. samþykktar um kattahald á Flúðum nr. 295/2013.

2. gr.

Skráningargjald skal vera kr. 2.500 og greiðist við skráningu.

3. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.000 er til handsömunar kemur aftur innan sex mánuða frá fyrri handsömun.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 11. apríl 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 31. maí 2013, er sett með vísun til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um kattahald í Hrunamannahreppi nr. 295/2013. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

*Hrunamannahreppi, 4. júní 2013.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2013